

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

430. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 9 júlí 2020 kl. 13:00. Fundurinn fer fram sem fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson og Bjarni Torfi Álfþórsson. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri. Auðbjörg Friðgeirsdóttir og Jón Sigurðsson frá PWC og Hallur Símonarson formaður endurskoðunarnefndar sitja fundinn undir lið 2. Birgir Björn Sigurjónsson í fjármálateymi SORPU situr fundinn undir lið 3. Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðva situr fundinn undir liðum 4 og 5.

Tekið fyrir:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra og staða og horfur í rekstri og fjárfestingum
Framkvæmdastjóri fer yfir skýrsluna.
2. Innri endurskoðun 2019. Málin rædd.
Ágúst Bjarni fer af fundi 13:45.
3. Tillaga: Viðauki við fjárhagsáætlun SORPU bs. fyrir árið 2020
Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.
4. Tillaga: Tillaga um eins árs framlengingu samninga um gámaleigu, flutninga og losun gáma frá endurvinnslustöðvum SORPU bs
Málinu frestað.
5. Flutningur endurvinnslustöðvar af Sævarhöfða á Lambhagaveg, drög að tillögu vinnuhóps og áframhaldandi vinna við framtíðarskipulag endurvinnslustöðva
Rekstrarstjóri fer yfir drög að tillögu vinnuhóps varðandi framtíðarskipulag.
Málið rætt.
6. Starfsreglur stjórnar yfirfarnar, til grundvallar eru starfsreglur frá 14. október 2016 og einnig siðareglur frá 7. nóvember 2014.
Málinu frestað.
7. Áhættustefna – umræður, til grundvallar er lögð áhættustefna sem kynnt var fyrir stjórn 11. apríl 2016.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna að þróun áhættustjórnunar fyrir félagið.
8. Markmiðasetning stjórnar
Stjórnarformaður kynnir drög að markmiðasetningu stjórnar.
9. Stefnumótun 2020-2025
Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu á stefnumótunarverkefni SORPU.
Á haustmánuðum verður boðað til fundar með öllum kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu vegna stefnumótunar félagsins.

10. Önnur mál.
11. Næsti fundur.

Næsti fundur ákveðinn 31. júlí kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 15:17

Líf Magneudóttir samþykkt Bestu kveðjur - Líf Magneudóttir	SV: 430_stjórnarfundur_SORPU. bs_07.07.2020 til yfirllestur o... fim. 30.7.2020 16:50
Ágúst Bjarni Garðarsson	RE: 430_stjórnarfundur_SORPU. bs_07.07.2020 til yfirllestur o... fös. 31.7.2020 08:00 Samþykki hér með. Bkv, Ábg
Jóna Sæmundsdóttir samþykkt	SV: 430_stjórnarfundur_SORPU. bs_07.07.2020 til yfirllestur o... mið. 29.7.2020 14:34
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Samþykkt ! Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.	RE: 430_stjórnarfundur_SORPU. bs_07.07.2020 til yfirllestur o... mið. 29.7.2020 13:17
Birkir Jón Jónsson Sæl og blessuð. Samþykkt. Kveðja góð Birkir Jón	SV: 430_stjórnarfundur_SORPU. bs_07.07.2020 til yfirllestur o... þri. 14.7.2020 11:29
Bjarni Torfi Álfþórsson Samþykkt Bkv Bjarni Torfi	Re: 430_stjórnarfundur_SORPU. bs_07.07.2020 til yfirllestur o... þri. 14.7.2020 07:22

SORPA bs

Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 430 fimmtudaginn 9. júlí 2020

Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfnni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund.

- Gerð er grein fyrir stöðu fjármála í uppgjöri vegna tímabilsins janúar - maí. Þjónustutekjur eru 17% undir áætlun á þessu tímabili, laun og launatengd gjöld eru 4% yfir áætlun en rekstrarkostnaður 5% undir áætlun. Þessar breytingar skýrast af því að minna af efni hefur skilað sér í MTFS og í Álfsnes en áætlun gerði ráð fyrir.
- Tvö fjarveruslys urðu í síðustu viku. Verktaki meiddist á fingri í MTFS og starfsmaður meiddist á fæti í GH. Á fundi framkvæmdastjórnar 7. júlí var rætt um þessa stöðu. Hún er ekki ásættanleg og voru menn sammála um að efla þyrfti öryggismenningu í samlaginu, leggja mun meiri áherslu á forvarnir og upplýsingagjöf og lifandi samtal um öryggismál. Skilaboðin þurfa að vera skýr frá stjórnendum um áhersluna á þessi mál. Ræddar voru hugmyndir að fræðslu og þjálfun í ágústmánuði til að gera gangskör í þessum málaflokki.
- Fundað var með umhverfisráðherra föstudaginn 3. júlí. Samlagið hefur unnið í góðri trú að undirbúningi starfsleyfis með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) en nú í júní 2020 - þegar starfsemi í GAJA á að hefjast - er Umhverfisstofnun (UST) að véfengja að forræði á starfsleyfi sé hjá HER. Af hálfu samlagsins var áréttað að undanþágu þarf til að keyra í gang tilraunir með stöðina. Undanþágubeiðni var send ráðherra 15. júní. Ráðherra staðfesti að nauðsynleg gögn hefðu borist ráðuneyti varðandi úrskurðinn og málið er í vinnslu, úrskurður verður kveðinn upp á næstu dögum. Farið var yfir svæðisáætlun, viðauka við eigendasamkomulag frá 2013 og hina mjög hröðu niðurtröppun urðunar á næstu árum, sem og fyrirætlanir um sorpbrennslu og nauðsyn þess að ríkið komi að því verkefni. Einnig var rætt um fyrirhugaðar grænar gjaldskrár - til að hvetja atvinnulífið til jákvæðari hegðunar - og þetta tengt við fyrirhugaðan urðunarskatt. Ráðherra sagði að útfærsla á urðunarskatti væri í höndum fjármálaráðuneytis en úttekt sé í gangi í gegnum UST á þörf fyrir sorpbrennslustöð, þegar markmiðum um endurvinnslu hefði verið náð.
- Með formlegu bréfi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til HER dags. 7. júlí er tilkynnt sú niðurstaða ráðuneytisins að UST sé lögbært stjórnvald til að gefa út starfsleyfi fyrir GAJA. Þessi niðurstaða er í andstöðu við þá niðurstöðu sem áður lá fyrir, sjá umfjöllun hér að ofan. Ráðherra hefur ekki enn tekið afstöðu til undanþágubeiðninnar. Besta sviðsmyndin, úr því sem komið er, er sú að ráðherra veiti undanþáguna og samkomulag náist milli HER og UST um að ganga frá endanlegu starfsleyfi með eins skjótum hætti og hægt er. Hér er á ferðinni alvarlegt mál sem eigendur SORPU þurfa að horfast í augu við og snúa saman bökum til að reyna að þoka þessu máli í skásta mögulega farveg. Þó má benda á að í bréfi ráðuneytisins dags. 7. júlí þess segir í niðurlagi: „Af gögnum málsins er ljóst að ágreiningur hafi risið milli umræddra stjórnvalda strax á árinu 2019 án þess að óskað hafi verið eftir fullnaðarúrskurði ráðherra. Vegna þessa telur ráðuneytið rétt að benda á mikilvægi þess að slíkur ágreiningur sé til lykta leiddur eins fljótt og unnt er til að afgreiðsla umsókna um starfsleyfi teffist ekki. Í ljósi þessa beinir ráðuneytið því til Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að vinna saman að því að afgreiðsla umsókna Sorpu bs. teffist ekki enn frekar, þ.á.m. að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur framsendi umsókn um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. ásamt fylgigögnum, starfsleyfistillögu og annað er varðar umsóknina í kjölfar þessa úrskurðar til Umhverfisstofnunar og að Umhverfisstofnun auglýsi drög að starfsleyfi eins fljótt og verða má.“

- Staðan með uppkeyrslu MTFS er sú að tengingar á stjórnbúnaði hafa tekið heldur lengri tíma en ætlað var, sem og frágangur á öryggisbúnaði. Í þessari viku verða þó línur 1 og 3 tilbúnar til efnisprófana og munu þær þá hefjast og almennt er gert ráð fyrir því að efnisprófanir standi yfir í júlímánuði, um leið og tilraunavinnsla í GAJA hefst í smáum skrefum.
- Staðan með uppkeyrslu GAJA er þannig að stöðin er að mestu tilbúin til vinnslu. Gangsetning meltutanka er vel undirbúin, vinnsluferlar stöðvarinnar skjalfestir og starfsmenn tilbúnir í verkið. Enn er eftir að ljúka úrbótum vegna nokkra galla sem komu í ljós við úttektir og prófanir vélfræðinga GAJA. ÍSTAK er enn að vinna að úrbótum á vegna leka á vinnslukrómi, því verki hefur miðað hægt en unnið er ötullega að þessu alla daga.
- Á fundi stjórnar SSH sem haldin var í vor var stofnaður vinnuhópur og honum falið tvíþætt verkefni. Annarsvegar að gera tillögur að hvernig væri hægt að standa að flutningi endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða og að því loknu að gera tillögur að framtíðarskipulagi endurvinnslustöðvanna á höfuðborgarsvæðinu. Vinnuhópurinn hefur komið saman og fyrir liggja tillögur um útfærslu á nýrri endurvinnslustöð að Lambhagavegi 14, kostnaðaráætlun og áætluðum framkvæmdatíma. Frá eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar hafa komið þau svör að lóðin á Sævarhöfða verði til afhendingar árið 2023. Að því sögðu er miðað við að fjárfesting í uppbyggingu á Lambhagavegi falli til á árinu 2022 og flutningur fari fram fyrri hluta ársins 2023.
- Borist hefur formleg staðfesting ríkisskattstjóra þess efnis að starfsemi Góða hirðisins falli undir undanþágu 5. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Samkvæmt henni er góðgerðarstarfsemi undanþegin skattskyldu, enda renni hagnaður af henni að öllu leyti til líknarmála.
- Áður hefur verið gerð grein fyrir viðkvæmri stöðu samlagsins vegna samninga við Ymir technologies (áður Lífdísill). Samningarnir eru íþyngjandi vegna þess að aldrei hefur verið sýnt fram á að búnaðurinn virki rétt og skili nauðsynlegum afköstum. Annar samningurinn er leigusamningur vegna tækjabúnaðar til fituvinnslu en hinn samningurinn kveður á um skyldu samlagsins til að selja Ymi fitu úr sama tækjabúnaði. Í gangi hafa verið viðræður milli aðila um mögulegar lausnir á þessum málum, m.a. hugsanlegar tæknilegar útfærslur á fituvinnslu þegar móttaka sláturúrgangs færist í GAJA. Nú hafa þau tíðindi hins vegar gerst að Ymir neitar að greiða fyrir kostnaðarsama viðgerð á skilvindum, sem eru hluti af þeim tækjabúnaði sem fyrri samningurinn fjallar um. Hagsmunirnir eru verulegir eða um 14 m.kr. Í þessu ljósi telur framkvæmdastjóri að rétt sé að hefja þegar formlega skoðun á réttarstöðu samlagsins gagnvart þessum samningum við Ymi.
- Auglýst var eftir umsækjendum í nýjar stöður sérfræðings í samskiptum og samfélagsvirkni og sérfræðings í innkaupum. Alls bárust fleiri en 120 umsóknir um fyrra starfið og hátt í 60 umsóknir um seinna starfið. Unnið er að úrvinnslu umsóknanna, þegar er búið að taka nokkra umsækjendur í ráðningarviðtöl og fleiri viðtöl eru ráðgerð.
- Fjárhagsleg endurskipulagning stendur vel eftir að tillögur 1 og 2 hafa verið samþykktar í öllum bæjarráðum og borgarráði og samlaginu er þar með tryggt stofnfé sem nemur 500 m.kr. árið 2020 og 500 m.kr. árið 2021. Framundan er að skipuleggja samtal við atvinnulífið vegna fyrirhugaðra gjaldskrárhækkana.
- Framundan er mjög umfangsmikill útflutningur á brennanlegu efni, allt að 60.000 tonn á ári. Stofnað var sérstakt útflutningsteymi samlagsins á vordögum og hefur að fundað nokkrum sinnum og einnig fundað með þeim Páli Guðjónssyni og Teiti Gunnarssyni sem fjalla um útflutning í samhengi við undirbúning sorpbrennslu. Haldinn var fundur með sérfræðingi hjá innkaupadeild Reykjavíkurborgar og fyrirséð er að útflutningur kallar á viðamikinn undirbúning og flókið útboðsferli. Sá sem tekur við verkstjórn í þessu af hálfu samlagsins er starfsmaður í nýju starfi sérfræðings í innkaupum, sem enn er ekki kominn til starfa. Millileikur - til að búa í haginn og spara tíma - er að leita til ráðgjafa með forvinnu í sumar.

- Staðan í samningaviðræðum er þannig að samningaviðræður við Eflingu eru hafnar. Náðist að halda tvo fundi fyrir sumarfrí en áformað er að viðræður hefjist að nýju 13 ágúst. Viðræður standa yfir milli SORPU bs. og VM Félags vélstjóra og málmteknimanna, um gerð vinnustaðasamnings og útfærslu vinnutímastyttingar, í samdæmi við kjarsamningi VM og Samtaka atvinnulífsins dags. 3. maí 2019. Viðræður hófust í maí sl. og samkomulag er um útfærslu vinnutímastyttingar, einnig er samkomulag um að gera vinnustaðasamning milli aðila þegar sumarfríum lýkur.
- Vel heppnaðar kynnisferðir hafa verið haldnar með tæknimenn sveitarfélaganna og sveitarstjórnarmenn í MTFS og GAJA. Augljóst er að þessar ferðir eru nauðsynlegar og hjálpa til við að svara spurningum og eyða tortryggni varðandi fyrirætlanir okkar. Nauðsynlegt er að formgera fyrirkomulag þessara ferða og bjóða upp á þær fyrir áhugasama á næstu mánuðum.
- Undanfarnar vikur hefur umfang UT rekstrar Sorpu verið skoðað og metið útfrá þörfum og eðli starfssemi Sorpu og drög að nýrri stefnu Sorpu í upplýsingatæknimálum hefur verið mótuð. Grunnstefið í stefnunni er að nýta lausnir og þjónustur sem eru til á markaði og eru í almennri notkun og þróun, frekar en að styðjast við sérsníðaðar hugbúnaðarlausnir, eins og SORPA hefur gert um árábil. Í þeim tilvikum sem ekki eru til lausnir skal auka ábyrgð framleiðanda hugbúnaðar um gæði og rekstraröryggi. Einnig mun SORPA hætta að hýsa og eftir atvikum reka kerfi, lausnir og þjónustur og útvista til aðila sem geta boðið öruggt umhverfi og rekstraröryggi sem hæfir markmiðum Sorpu. Ætla má að kostnaður við upplýsingatækni lækki og verði fyrirsjáanlegur við innleiðingu þessarar stefnu.
- Einnig er hafin vinna við finna lausn fyrir stjórnarmenn sem styður við rafræn skilríki og rafrænar undirskriftir. Töluverður kostnaður felst í því uppfæra núverandi stjórnarvefgátt þannig að hún styðji við fyrrgreindar lausnir. Gögn stjórnar og fundargerðir verða fluttar yfir í nýtt kerfi þegar það hefur verið valið og innleitt. Við nánari skoðun á skjalavistun og meðferð opinberra skjala er ljóst að SORPA má gera betur þegar kemur að innviðum og verklagi við skjalavistun. Úrbótavinna hefur verið sett af stað með það að augnamiði að finna lausnir og verklag sem styður við markmið laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.